

HANDBÓK

Í AÐFERÐAFRÆÐI RANNSÓKNA



Ritstjóri: Sigriður Halldórsdóttir

Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir

Unnur Guðrún Óttarsdóttir

Grunduð kenning, sem fjallað verður um í þessum kafla, er ein af eiginlegu rannsóknarhefðunum. Sérkenni aðferðarinnar er kerfisbundin greining á gögnum í þeim tilgangi að smíða kenningu (Bryant og Charmaz, 2007). Upphaflega var grunduð kenning sett fram af Glaser og Strauss (1967). Birks og Mills (2011), ásamt Bryant og Charmaz (2007), McLeod (2001) og Morse (2009), telja að aðferðin sé ein mest notaða eiginlega rannsóknaraðferðin.

Grunduð kenning er notuð við rannsóknir í ýmsum starfs- og fræðigreinum, s.s. sálfræði (Rennie, 2000), íþróttasálfræði (Holt og Tamminen, 2010), leiðtogafræði (Kempster og Parry, 2011), menntavísindum (Gretar L. Marinósson, 2011), hjúkrunarfræði (Chiovitti og Piran, 2003), landslagsarkitektúr (Heacock og Hollander, 2011), viðskiptafræði (Goulding, 2002), tölvunarfræði (Joo, 2011), músíkþerapiu (Daveson, O'Callaghan og Grocke, 2008) og listmeðferð (Temple, 2003; Wood, 2002), svo fáein dæmi séu tekin. Mögulegt er að nýta grundaða kenningu í rannsóknum á fjöldamörgum öðrum starfs- og fræðasviðum.

Í kaflanum verður gerð grein fyrir aðferðafræði grundaðrar kennningar með áherslu á teiknaðar skýringarmyndir. Markmiðið með skýringarmyndunum er að dýpka skilning á fyrirbærum, móta hugtök og gera lýsingu óhlutbundna ásamt því að sjá samhengi mismunandi fyrirbæra, flokka og hugtaka. Teiknuðu skýringarmyndirnar örva hugarflug og innsæi.

Skyringarmyndir eru í mörgum tilfellum vel til þess fallnar að þróa grundaða kenningu. Dæmi úr listmeðferðarrannsókn, þar sem teiknaðar skýringarmyndir voru notaðar (Unnur Ottarsdóttir, 2005, 2009, 2010), verða tekin til útskýringar. Dæmin eru yfir-

færðanleg á rannsóknir á öðrum fræðasviðum. Í lok kaflans verða styrkleikar og veikleikar grundaðrar kenningar ræddir.

Grunduð kenning

Grunduð kenning var sett fram af Glaser og Strauss (1967) í tengslum við félagsfræðir-rannsóknir. Samkvæmt Charmaz (2006) stóðu eiginlegar rannsóknaraðferðir veikum fótum í Bandaríkjunum á þessum tíma. Krafa var gerð um kerfisbundnar athuganir, endurtakanlegar tilraunir, hagnýtar skilgreiningar á hugtökum, rökréttar tilgáttur og staðfestar sannanir. Með grundaðri kenningu færðu Glaser og Strauss eiginlega rannsóknaraðferð nær meginlegri aðferð þar sem greiningin er kerfisbundin (Charmaz, 2006), skipulögð og nákvæm (Stern, 2009). Seinna þróuðu Glaser og Strauss aðferðina hvor á sinn hátt með ólikum áherslum (Heath og Cowley, 2004; Morse, 2009). Ýmis afbrigði af grundaðri kenningu hafa síðan verið þróuð (Charmaz, 2006; Clarke, 2005; Strauss og Corbin, 1998; Glaser, 2006; Morse, 2009).

Hugtakið „grunduð kenning“ hefur í raun tvöfalta merkingu. Annars vegar er átt við grundaða kenningu sem rannsóknaraðferð. Hins vegar er átt við grunduðu kenninguna sem verður til þegar rannsóknaraðferðinni er beitt (Bryant og Charmaz, 2007). Í þessum kafla, líkt og í nálgun Strauss og Corbin (1998), er hugtakið grunduð kenning notað um hvort tveggja, rannsóknaraðferðina og kenninguna sem verður til við beitingu aðferðarinnar.

Grunduð kenning er margþætt og umdeild. Samkvæmt Bryant og Charmaz (2007) falla undir hana ýmiss konar afbrigði sem eru skilgreind á mismunandi vegu af ólíkum höfundum (Green, Creswell, Shope og Clark, 2007; Hood, 2007; Locke, 2007). Í kaflanum er í aðalatriðum stuðst við aðferðir Strauss og Corbin (1998), eins og þær eru kynntar í bókinni *Basics of Qualitative Research: Techniques and Procedures for Developing Grounded Theory*. Lögð er áhersla á að kynna verkþætti grundaðrar kennningar á skýran og aðgengilegan hátt fremur en að fjalla ýtarlega um orðræðu og aðferðir hinna ýmsu afbrigða rannsóknaraðferðarinnar eins og hún hefur þróast síðustu áratugi. Nálgunin hér var valin með tilliti til þess að lítið sem ekkert hefur verið skrifað um grundaða kenningu á íslensku til þessa og því er æskilegt að fjallað sé um grundvallaratriði aðferðarinnar fremur en áherslumun og flókna orðræðu.

Í grundaðri kenningu eru rannsóknarsprungar mótaðar og ýmiskonar eiginlegum gögnum er safnað í leit að svari við þeim. Á öllum stigum rannsóknarinnar er samspil á milli gagnasöfnunar og greiningar. Greiningin fer fram með spurningum, samanburði, flokkun og hugtakamynndun. Stigin í greiningunni kallast opin kóðun, öxulkóðun og valkóðun. Greiningarferlið á sér m.a. stað með minnisblaðaskrifum og teiknun skyringarmynda sem örva skapandi og gagnrýna hugsun.

Grunduð kenning færir gögnin frá lýsingu að kenningu sem inniheldur óhlutbundin lýsandi hugtök, lykilfyrirbæri, orsakatengsl, tengsl hugtaka, aðferðir, aðstæður, samhengi, afleiðingar og röksemdafærslu. Kenningin myndast á grundvelli gagnanna fremur en að rannsakandinn byggi á fyrirfram gefnum hugmyndum. Kenningin er „mettuð“

þegar engin ný gögn koma í ljós og engir nýir eiginleikar eða sambönd flokka skapast í greiningunni.

Afmarkaðir þættir grundaðrar kenningar geta verið samþættir öðrum rannsóknaraðferðum á ýmsa vegu. Grunduð kenning getur bætt upp aðrar eigindlegar rannsóknaraðferðir fremur en að hún sé í andstöðu við þær (Charmaz, 2006). Listmeðferðarrannsóknin sem kynnt er í þessum kafla, er dæmi um rannsókn af þessu tagi þar sem aðferðir tilfellarannsókna voru notaðar við gagnasöfnunina en grunduð kenning var notuð við greininguna.

Listmeðferðarrannsókn

Grunduð kenning var notuð til að greina gögn í listmeðferðarrannsókn þar sem námsefni var samþætt listmeðferð (Ottarsdóttir, 2005, 2009, 2010). Markmið rannsóknarinnar var að hanna og rannsaka meðferðarúrræði sem eflir námsgetu og eykur tilfinningalegt heilbrigði.

Fimm börn, sem áttu við námsörðugleika að etja og höfðu verið undir álagi og/ eða orðið fyrir áföllum, þáðu meðferðina og tóku þátt í rannsókninni. Til að skoða einstaklingsbundinn feril hvers barns var gögnunum safnað samkvæmt aðferðafræði tilfellarannsókna (Rúnar Andrason og Ársæll Arnarsson, 2012; Yin, 2003).

Gögn rannsóknarinnar samanstóðu af myndverkum, minnispunktum úr meðferðinni, námsefni, niðurstöðum sálfræðiprófa og einkunum. Listmeðferð er flókið fyrirbæri sem byggist á mörgum atriðum og því samanstóðu gögnin af mörgum flóknum þáttum. Þar sem erfitt var að henda reiður á röklegu heildarsamhengi svo marghættra og flókinna gagna var grunduð kenning valin til að skipuleggja, flokka og greina gögnin kerfisbundið með það að markmiði að skapa heildstæða náms- og meðferðaraðferð sem byggist á grundaðri kenningu. Þó að stuðst væri við aðferðafræði tilfellarannsóknar við gagnasöfnunina í listmeðferðarrannsókninni er grunduð kenning vel til þess fallin að safna gögnum í annars konar rannsóknum.

Smíði grundaðrar kenningar

Ýmsar aðferðir eru notaðar kerfisbundið við smíði grundaðrar kenningar frá því að rannsóknarspurning er mótuð og þar til heildarkenning verður til. Vinnuferli grundaðrar kenningar er ekki línulegt heldur er stöðugt ferðast fram og til baka á milli mismunandi aðferða sem fjallað verður um hér á eftir.

Gagnasöfnun

Í grundaðri kenningu er gögnum að öllu jöfnu safnað í viðtölum og athugunum. Gögnin geta þó einnig verið úr t.d. skjölum, dagbókum, skýrslum, handritum, hljóðritunum, kvíkmyndum, listum og skrám. Glaser (2005) hefur gengið svo langt að halda því fram að allt sé gögn.

Gagnasöfnun fer fram samhliða skipulegri greiningu gagnanna. Nýjum gögnum er

safnað þar til kenningin er mettuð eða fullbúin. Kenning er mettuð þegar enginn nýr skilningur kemur í ljós í gagnasöfnuninni og engin ný óþekkt fyrirbæri eða sambönd koma fram í greiningunni.

Rannsóknarspurningar

Rannsóknarspurningin beinir athyglinni að þáttum sem rannsóknin fjallar um. Til að mögulegt sé að smíða kenningu er mikilvægt að rannsóknarspurningin sé þannig úr garði gerð að hún veiti frelsi og sveigjanleika til að kafa rækilega í fyrirbærið sem er rannsakað. Í upphafi rannsóknarinnar er spurningin opin en þegar frá líður og hugtökin og sambandið þeirra á milli skýrist verður spurningin þrengri og hnitmiðaðri.

Fræðirit og fyrri kenningar

Eyður í fyrri kenningum eru mikilvægar þegar upphaflega rannsóknarspurningin er sett fram. Fyrri kenningar og fræðirit eru notuð til að örva hugsunina og glæða hugtakamyndun. Skýrslur, rannsóknir og fræðilegir og heimspeklegir textar eru bakgrunns-upplýsingar sem hægt er að nota til samanburðar til að auka skilning á gögnum rannsóknarinnar. Eðli rannsóknarinnar, fyrri rannsóknir og menntun rannsakandans ákvarða hvernig og að hve miklu leyti fræðirit og fyrri kenningar eru nýttar í grundaðri kenningu.

Samkvæmt Strauss og Corbin (1998) er mikilvægt að fyrri kenningar hindri ekki sköpunina eða standi á milli rannsakandans og gagnanna. Hlutverk fræðirita og fyrri kenninga er að bæta og þróa grunduðu kenninguna fremur en að takmarka hana. Rannsakandinn kemur þó óhjákvæmilega að rannsókninni með ýmiss konar þekkingu á fyrri fræðiritum og kenningum. Til að halda hlutleysi og auka næmni telja þau æskilegt að í greiningarferlinu leitist rannsakandinn við að leggja til hliðar fyrri þekkingu og reynslu til að skapa nýja túlkun á fyrirbærinu. Rannsakandinn þarf að treysta á eigin getu til að gera sjálfstæðar uppgötvunar og skapa nýja þekkingu með grundaðri kenningu.

Spurningar

Að spyrja spurninga er greiningaraðferð sem notuð er til að opna rannsóknina, skilja gögnin og leiða gagnasöfnunina. Strauss og Corbin (1998) tóku dæmi um eftirfarandi spurningar: Næmnispurningar gera rannsakandann næmari á það sem gögnin gætu gefið til kynna, til dæmis: „Hvað er að gerast hér?“ Kenningarspurningar varpa ljósi á ferlið og skapa tengsl á milli hugtaka. Þess konar spurningar gætu verið: „Hvert er sambandið á milli þessara tveggja hugtaka?“ Einnig eru hagnýtar spurningar, svo sem: „Hvaða hugtök eru vel mótuð?“ Spurningar sem leiða viðtol, athuganir og greiningu eru einnig nýttar. Einfalt dæmi er viðtalsspurningin „Hefur þú notað eiturlýf, og ef svo er, hvernig var sí reynsla fyrir þig?“

Opin kóðun

Kóðun er skipuleg kerfisbundin tækni við gagnagreiningu sem felur í sér opna kóðun, öxulkóðun og valkóðun. Með opinni kóðun eru gögnin bútuð niður og skoðuð vand-

lega. Á þessu stigi leitast rannsakandinn við að hafa opinn huga og losa sig við fyrirfram gefnar hugmyndir.

Strauss og Corbin (1998) fjölluðu um þrjár tegundir opinna kóðunar. Fyrst ber að nefna nána skoðun á gögnunum, línu fyrir línu eða jafnvel orð fyrir orð. Í öðru lagi fer fram greining á setningu eða málsgrein og spurningum er varpað fram, svo sem: „Hvaða meginhugmynd kemur hér fram?“ Í þriðja lagi eru öll gögnin skoðuð með spurningu í huga, eins og: „Hvað á sér stað hér?“

Opna kóðunin felur í sér grandskoðun á textahlutum á nokkrum blaðsíðum af gögnunum og síðan er farið til baka og einblínt á orð eða orðasamband sem virðast mikilvæg og áhugaverð fyrir rannsóknina. Opin kóðun felur í sér samanburð á mismunandi gögnum, flokkun og hugtakamyndun. Á þessu stigi byrja að koma í ljós mynstur sem mynda grundvöll grunduðu kenningarinnar.

Samanburður

Samanburður er greiningaraðferð sem notuð er til að örva hugsun og skilning. Atvik, eiginleikar og fyrirbæri innan og utan rannsóknar eru borin saman og flokkuð eftir eiginleikum með það að markmiði að öðlast betri skilning á gögnunum. Samanburðurinn er gerður í þeim tilgangi að skilja gögnin fremur en að safna nýjum gögnum.

Flokkun

Flokkamyndun felur í sér að gögnin eru bútuð niður og sett saman í afmörkuð fyrirbæri, s.s atburði, hluti, atferli, vandamál, viðfangsefni eða viðburði sem hafa sameiginlega eiginleika. Flokkunum er síðan gefið nafn sem er huglægara og óhlutbundnara en uppeiginkum með það að markmiði að öðlast betri skilning á gögnunum. Samanburðurinn er gerður í þeim tilgangi að skilja gögnin fremur en að safna nýjum gögnum.


Við flokkamyndunina byrja að koma í ljós tengsl og mynstur. Flokkur getur til dæmis verið teikningar barna af stöfum. Nefnist flokkurinn „skrifmyndir“ eða „writing-images“ (*mynd 1*). Í flokknum eru teikningar sem innihalda bæði myndir og stafi af mismunandi gerðum.

Hugtakamyndun

Hugtakamyndun felur í sér að fyrirbærum og flokkum eru gefin óhlutbundin huglæg heiti sem að hluta til ráðast af eiginleikum fyrirbæranna. Hugtökin mótaðist einnig af fyrir þekkingu og notkun á svipuðum hugtökum í heimildum. Markmið hugtakamyndunarinnar er að búa til óhlutbundin heiti yfir flokka og fyrirbæri og færa þannig kennunguna á óhlutbundið svið.

Á *mynd 1* má sjá hvernig hugtakaleit fór fram, meðal annars með því að hripa niður orð sem komu til greina. Leitin fór fram með endurtekinni kóðun á gögnunum, minnisblaðaskrifum, skýringarmyndateikningum, heimildalestri og í viðtölum við sammálfundar. Myndin sýnir dæmi um hugtakamyndunarferli fyrir ákveðið fyrirbæri; það starfsfólk.

er teikningar barna þar sem finna má letur sem er á mörkum þess að vera mynd og bókstafur eða þegar mynd og letur eru tvinnuð saman. Á miðri *mynd 1* er teikning sem sýnir dæmi um fyrirbærið sem leitað var hugtaks yfir. Hugtakið „writing-image“, sem sést á miðri myndinni, varð fyrir valinu vegna þess að það er gegnsætt, óhlutbundið og lýsandi fyrir alla þætti fyrirbærисins.




Mynd 1: Á myndinni sést hvernig unnið var að myndun hugtaks yfir teikningar barna þar sem letur og mynd eru samtvinnuð. Á miðri myndinni er mynd sem sýnir dæmi um fyrirbærið og kringum hana eru orð sem komu til greina í leitinni. Orðið „writing-image“, sem valið var að lokum, er á miðri myndinni.

Öxulkóðun

Öxulkóðun fer að hluta til fram í kjölfarið á opnu kóðuninni, en einnig geta báðar tegundir kóðunarinnar farið fram jafnhliða. Með öxulkóðuninni er greint hvernig flokkar skarast og tengjast. Markmiðið er að þróa og tengja kerfisbundið flokka og auka þannig dýpt og styrkja uppbyggingu þeirra.

Með öxulkóðun eru upplýsingarnar sem myndast við opnu kóðunina skipulagðar, flokkar sameinaðir og flokkar og undirflokkar tengdir. Undirflokkar skilgreina flokinn nánar. Öxullinn er flokkur sem undirflokkar snúast um. Með öxulkóðuninni er gerð finni greining á eiginleikum flokka.

Öxulkóðun er skapandi vinna þar sem fundið er ófyrirséð orsakasamhengi og jafnframt er leitað rökréttla lausna. Strauss og Corbin (1998) tala um að innsæi varðandi tengingu flokka geti birst hvar og hvenær sem er, jafnvel um miðja nótt við lestur óskylds




Mynd 2: Skýringarmyndin sýnir hugsunarferlið í upphafi öxulkóðunarinnar þegar röðun, tengsl og samhengi flokka byrjar að myndast. Á efri hluta blaðsins eru ótengdir flokkarnir: „Learning“, „trauma“, „therapy“ og „artwork“. Þríhyrningurinn neðar á blaðinu tengir saman flokkana: „Artwork/task“, „client“, „therapist“. Á neðri hluta myndarinnar sjást undirflokkar fyrir flokkana, eða fyrir „Learning“: „memory“, „spelling“, „reading“, „writing“, „geography“, „grammar“ og „foreign languages“. Fyrir „Trauma/emotional difficulties“: „memory“, „not learning“, „specific tasks“ og „projected onto learning“. Síðast fyrir „Art work“: „art of trauma“, „educational regression“, „play“ og „drawing stage“. Örvir og línur sýna hvernig rannsakandinn veltir fyrir sér mögulegum tengingum á milli mismunandi flokka og undirflokkna.

efnis eða í umræðum við samstarfsfólk. Þau segja að mikilvægt sé að hafa ávallt blýant og blað við höndina til að skrá hugmyndir og uppgötvanir.

Teiknun skýringarmynda auðgar öxulkóðunina. Með notkun blýants, penna og/eða lífslit við gerð skýringarmynda, sem meðal annars eru byggðar á orðum, örbum, ferlum, hyrningum, hringum og tengingarlínum, örvest hugsun og innsæi ásamt því að ljósi er varpað á samhengi flokkanna og skipulag þeirra í flokka og undirflokk. Þegar unnið er aftur og aftur með skissur á þennan hátt þróast hugsun og samhengi ásamt því að skipulag flokka og undirflokk kemur smám saman í ljós. Dæmi um skýringarmyndargerð af þessu tagi er mynd 2.


Valkóðun

Valkóðun er samþættingarferli. Myndun kenningarinnar á sér stað á öllum stigum grein- ingarinnar en valkóðun er lokastig í kenningarinni. Við valkóðunina kemur í ljós kjarnaflokkur sem er miðlægt útskýrandi hugtak.



Mynd 3: Skýringarmyndin tilheyrir upphafi valkóðunar og sýnir tilraun til að mynda heild þar sem leitað er að kjarnaflokk. Unnið var með þá flokka sem höfðu myndast í opnu kóðuninni og öxulkóðuninni. Á þessu stigi er skoðaður sá möguleiki að „Difficulty with learning as a symptom of underlying emotional difficulties caused by trauma and/or difficult experiences“ gæti verið kjarnaflokkur. Umhverfis eru síðan aðrir flokkar sem hafa myndast. Hringlinurnar sem tengja flokkana og umlykja miðjuna eru tilraun til að hugsa tengingu á milli þeirra í heild. Myndin sýnir valkóðunina og kjarnaflokka leitina á frumstigi þar sem ekki hafði enn fundist hugtak yfir fyrirbærið sem nefnt er á miðri myndinni. Þessi kjarnaflokkur varð ekki fyrir valinu þegar lengra var komið í greiningunni.

Á þessu stigi er gagnlegt að teikna skýringarmyndir (*myndir 3 og 4*). Einnig getur myndræn uppsetning á tölvu hjálpað til við að raða flokkunum og skipuleggja þá, sérstaklega á lokastigi valkóðunarinnar (*mynd 5*).




Mynd 4: Skýringarmyndin sýnir valkóðunina og hvernig kjarnaflokkurinn „integration“ hefur myndast. „Splitting“ er samanburðarhugtak. Flokkarnir og skipulag þeirra er að myndast og skýrast á þessu stigi, þ.e. „integration of education into art therapy“ og „integration of emotions“. Flokkarnir „artwork as a base for the integration“, „the effect of emotional difficulties and/or trauma on learning“ og „the effect of psychoanalytically based therapy on learning“ eru einnig að myndast. Í kjölfarið koma síðan fleiri undirflokkar. Á þessu stigi er móturn kennigarinnar komin lengra en á mynd 3 þó að lokaniðurstaða eigi enn eftir að fást.

Minnisblöð

Á öllum stigum rannsóknarinnar eru skrifuð minnisblöð sem breytast í rannsóknarferlinu úr því að innihalda einfaldar lauslegar hugmyndir í það að verða flókin, skýr og nákvæm greining. Í opnu kóðuninni eru minnisblaðaskrifin hikandi og fjalla um upphafshugmyndir án þess að hugað sé að skoðunum annarra eða hvort greiningin sé rétt. Oft líkjast þessir fyrstu minnispunktar listum. Í öxulkóðuninni fjalla minnispunktarnir í auknum mæli um dýpri skilning á hugtökum og flokkum ásamt skilningi á því hvernig fyrirbærin tengjast og raðast saman. Í lokin, eða í valkóðuninni, fjalla minnisblöðin um heildarkenninguna og kjarnaflokk hennar.

Rannsakendur nota mismunandi aðferðir við að skrifa minnisblöð, svo sem tölvuforrit, lituð kort og/eða handskrifuð blöð. Minnisblöðin endurspeglar greinandi hugsun. Innsæi og sköpun eru örvuð í skrifunum. Mikilvægt er að vera afslappaður og sveigjan-



Mynd 5: Skýringarmynd á lokastigi kenningarsmíðinnar er sýnd á myndinni. Kjarnaflokkurinn „integration“ er dreginn upp á miðju blaðinu. Aðalflokkarnir eða „Symptomatic learning“ og „The function of art making“ tengast kjarnafloknum og undir hvorn þeirra falla fimm undirflokkar.

legur í skrifunum til að efla skapandi hugsun. Jafnframt er æskilegt að rannsakandinn skipuleggi minnisblöðin þannig að auðvelt sé að flokka þau og nýta í seinni greiningu og skrifum.

Skýringarmyndir

Skýringarmyndir líkjast minnisblöðum en í stað þess að þær séu skrifaður texti línu fyrir línu eru þær myndræn framsetning á svipaðri hugsun. Strauss og Corbin (1998)

tala um skýringarmyndir sem sjónrænt teki sem sýni sambönd á milli hugtaka og geri osýnilega byggingu og samhengi sjaanlegt. Tala þau um að i upphafi greiningarinnar sé ekki um að ræða eiginlegar skýringarmyndir heldur fremur lista. Má segja að *mynd 1*, þar sem hugtakamyndun a sér stað, sé að hluta til nokkurs konar l-tí.

Charmaz (2006) segir að með skýringarmyndum fáist sjónræn framsetaing á flokkum og tengingum þeirra og að þær gefi áþreifanlegar myndir af hugmyndum. Strauss og Corbin (1998) skilgreindu skýringarmyndir sem vinnu með sambönd á milli hugtaka og flokka. Urquhart (2013) telur einnig að skýringarmyndir hjálpi rannsakandamum að átta sig a samhengi og tengingu flokka. Sumar teiknuðu skýringarmyndirnar í listmeðferðarrannsókninni teygja sig lengra þar sem þær fela einnig í sér hugtakamyndun eins og í *mynd 1* þegar teiknuð var mynd af skrifmyndasýrirbærinu. Reynslan frá listmeðferðarrannsókninni sýndi að teiknaðar skýringarmyndir af þessu tagi lyfta fyrirbærinu á óhlutbundið svíð sem auðveldar hugtakamyndunina og kenningsarsmiðina.

Samkvæmt Bryant og Charmaz (2007) er klofningur á milli þeirra sem telja að skýringarmyndir séu mikilvægur þáttur grundaðrar kenningar og þeirra sem telja þær ekki þjóna mikilvægu hlutverki. Á meðan margir aðferðafræðingar grundaðrar kenningar telja að skýringarmyndir séu miðlægur þáttur í aðferðinni (Charmaz, 2006) telja t.d. bæði Glaser (2007) og Stern (2009) að skýringarmyndir geti hjálpað við smiði kenningsarinnar en síðan þurfi að skrifa um myndirnar og setja þær í orð.

Samkvæmt Lempert (2007) eru skýringarmyndir veigamikill þáttur í grundaðri kenningu þar sem þær sýna myndrænt það sem rannsakandinni veit og veit ekki. Skýringarmyndirnar koma reglu á gögnin og auka möguleika á að mynda huglægari og óhlutbundnari hugtök. Likt og minnisblöðin örva myndirnar skapandi hugsun, skilning og sýn á sambandið milli hugtaka og heildarkenningarinnar. Lempert telur einnig að það sé auðveidara að hafa stjórn á skýringarmyndum en minnisblöðum og þess vegna veki þær oft nýjar hugmyndir og tengingar.

Á sama hátt og minnisblöðin breytast skýringarmyndirnar þegar liður á rannsóknarferlið, úr því að vera lauslegar skissur (*myndir 1 og 2*) í að vera flókin myndræn framsetning kenningarinnar sem er rökrétt og úthugsuð (*mynd 5*). Fyrstu skýringarmyndirnar, sem gerðar eru í opnu kóðuninni, líkjast fremur listum, eins og getið var hér að framan (*mynd 1*). Í öxulkóðuninni fara skýringarmyndirnar að taka á sig form og tengsl byrja að myndast á milli flokka og hugtaka (*mynd 2*). Í valkóðuninni verða skýringarmyndirnar flóknari og endurspeglar þær heildarkenninguna sem er að myndast (*myndir 3, 4 og 5*).

Skýringarmyndir eru áþreifanlegar myndir af hugmyndum í formi korta, línumrita eða teiknaðra mynda. *Myndir 1 til 4* eru teikningar sem unnar eru með blýanti, litum og/eða penna á blað. Það form getur hentað betur en tölvuvinnsla þegar kenningin er að fæðast og þróast. Þannig gefst aukið svigrúm til hraðrar úrvinnslu hvað varðar form- og línumgerðir ásamt skrifum þvers og kruss yfir blaðið sem fylgir frelsi og rými til að hugsa á nýjan og ófyrirséðan hátt. Tel ég skýringarmyndirnar, ekki síst þær teiknuðu, vera vel til þess fallnar að mynda óhlutbundin hugtök þar sem óreglulegar teikningar og orð í tvívíðu rými eru nær óhlutbundinni hugsun en línuleg orð og setningar í samfelldum texta.

Í grundaðri kenningu er lögð áhersla á sköpun nýrrar kennningar og frumleika rannsakandans. Myndir, sem eru teiknaðar aftur og aftur af orsakasamhengi, samhengi flokka og myndun kennningarinnar, þjóna vel þessu grundvallaratriði grunduðu kennningarinnar. Teikningin er þannig rými til að hugsa nýjar og skapandi hugsanir og koma með opnum hætti auga á nýtt samhengi.

Á hinn bóginn getur tölvuvinnsla hentað betur við skýringarmyndagerðina á síðustu stigum rannsóknarinnar þegar kenningin er að verða skipulögð og rökrétt (*mynd 5*). Tölvuvinnslan getur einnig hentað vel til að finnpússa kenninguna. Einnig eru slíkar skýringarmyndir vel til þess fallnar að setja kenninguna fram á skýran og skipulagðan hátt, meðal annars til kynningar (Artinian, Giske og Cone, 2009).

Styrkleikar og veikleikar grundaðrar kenningar

Grunduð kenning er notuð víða og deilt hefur verið um styrk aðferðarinnar og veikleika (Cutcliffe, 2000; McLeod, 2001; Silverman, 2001; Wilson og Hutchinson, 1996). Bryman telur að grunduð kenning „...skapi viðráðanlegan ramma fyrir eigindlegan rannsakanda til að glíma við flókinn óskipulagðan félagslegan raunveruleika...“ (1988: 84). McLeod telur að grunduð kenning „...geri rannsakandanum kleift að skapa verk sem er nákvæmt, sannfærandi og nýtilegt.“ (2001: 88). Kerfisbundin greining á gögnunum, sem eykur alhæfingarmöguleika aðferðarinnar, er styrkur hennar samkvæmt Rennie, Phillips og Quartaro (1988). Samkvæmt Wood (2001) er kostur þess að nota grundaða kenningu í listmeðferð sá að sköpun er hluti af bæði listmeðferðarferlinu og grunduðu kennungunni.

Grunduð kenning hefur verið gagnrýnd af ýmsum ástæðum. Meðal annars hefur verið spurt hvort mögulegt sé að setja fram gilda kenningu með aðferðinni:

Rannsókn af þessu tagi, burtséð frá því hversu nákvæmlega hún er framkvæmd, getur ekki leitt í ljós lögmál sem hægt er að ábyrgjast að séu gild (Eckstein, 2000: 144).

Bryman setur einnig spurningarmerki við kenningaruppbygginguna:

Hægt er að sprýra sig hvort það sem grunduð kenning leiðir af sér sé raunveruleg kenning. Mikið af umræðunni um nálgunina og aðferðir henni tengdar virðist miða að því að búa til flokka fremur en kenningu sem slíka (1988: 85).

Strauss, upphafsmaður aðferðarinnar, útskýrði grundaða kenningu á eftirfarandi hátt:

...[A]ðferðin er ákveðið eigindlegt rannsóknarsnið sem felur í sér nokkra aðskilda eiginleika, svo sem kenningargagnasöfnun, og aðferðafræðilegar leiðbeiningar, svo og stöðugan samanburð og notkun á kóðunarviðmiðum til að tryggja hugtakaþróun og þéttleika (1987: 5).

ika rann-
amhengi
ðu kenn-
og koma
á síðustu
nynd 5).
ru slíkar
þulagðan

og veik-
1, 1996).
indlegan
“(1988:
ipa verk
á gögn-
nkvæmt
að nota
rlinu og
rs hefur

- 1
- i
- 1
farandi

Áhersla á greiningarhluta rannsóknarinnar á kostnað gagnasöfnunar er, samkvæmt McLeod (2001), veikleiki grundaðrar kenningar. Til að stemma stigu við þessum veikleika var aðferð tilfellarrannsókna, þar sem áhersla er lögð á að safna margbreytilegum gögnum, nýtt við gagnasöfnunina í listmeðferðarrannsókninni sem fjallað hefur verið um hér að framan.

Reynsla mín af notkun grundaðrar kenningar samræmist þeirri skoðun Brymans (1988) að aðferðin skapi viðráðanlegan ramma til að glíma við flókin félagsleg og sálfræðileg fyrirbæri. Kerfisbundin en um leið opin greiningaraðferð grundaðrar kenningar var vel til þess fallin að skipuleggja flókin gögn og búa til samþætta heildarkenningu fyrir meðferðina. Minnisblaðaskrif og skýringarmyndir komu að góðum notum við að skapa samþætta heildarkenningu sem fjallar af dýpt um viðfangsefnið fremur en að vera innantómir flokkar eins og Bryman (1988) veltir upp sem veikleika aðferðarinnar. Skýringarmyndirnar félju vel að rannsókninni, m.a. vegna þess sameiginlega þáttar listmeðferðarinnar og rannsóknaraðferðarinnar að nýta teikningar til skapandi hugsunar, úrvinnslu, uppgötvunar og náms.

Lokaorð

Grunduð kenning er skapandi og kerfisbundin rannsóknaraðferð. Samsetning mismunandi greiningartækja veitir ákveðinn ramma sem hentar vel til að skapa kenningu grundaða á flóknum og margþættum gögnum. Flókin gögn, sem oft verða til í rannsóknum, kalla á kerfisbundið skipulag eins og grunduð kenning býður upp á. Um leið og aðferðafræðin felur í sér skýrt afmörkuð greiningartæki gefur hún einnig frelsi til sköpunar nýrrar þekkingar og kenningar.

Rýmið, sem verður til í teiknuðu skýringarmyndunum örvar skapandi hugsun þar sem nýtt samhengi er uppgötvað og komið er auga á nýjar tengingar. Strauss og Corbin (1998) tölzuðu um mikilvægi þess að rannsakandinn treysti getu sinni til að skapa nýja þekkingu og uppgötvunar. Undanfari nýrra uppgötvana og þekkingar er oft óvissa. Skýrtingarmyndir unnar með skriffrum og/eða litum á blað geta hentað vel þegar dvalið er í óvissu. Því meira þol sem rannsakandinn hefur gagnvart óvissunni þeim mun líklegra er að hann treysti eigin getu til að gera nýjar uppgötvunar. Því tel ég að teiknuðu skýringarmyndirnar bjóði upp á æskileg skilyrði fyrir smíði nýrrar kenningar.

Heimildaskrá

- Artinian, B. M., Giske, T. og Cone, P. H. (2009). *Glaserian grounded theory in nursing research: Trusting emergence*. New York: Springer.
- Birks, M. og Mills, J. (2011). *Grounded theory: A practical guide*. London: Sage.
- Bryant, A. og Chalmaz, K. (2007). *The Sage handbook of grounded theory*. London: Sage.
- Bryman, A. (1988). *Quantity and quality in social research*. London: Routledge.
- Chalmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory*. London: Sage.

- Chiovitti, R. og Piran, N. (2003). Methodological issues in nursing research. *Journal of Advanced Nursing*, 44(4), 427-435.
- Clarke, A. (2005). *Situational analysis: Grounded theory after the postmodern turn*. Thousand Oaks, CA: Sage.
- Creswell, J. W. (1998). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five traditions*. London: Sage.
- Cutcliffe, J. (2000). Methodological issues in grounded theory. *Journal of Advanced Nursing*, 31(6), 1476-1484.
- Daveson, B., O'Callaghan, C. og Grocke, D. (2008). Indigenous music therapy theory building through grounded theory research: The developing indigenous theory framework. *The Arts in Psychotherapy*, 35(4), 280-286.
- Eckstein, H. (2000). Case study and theory in political science. Í R. Gomm, M. Hammersley og P. Foster (ritstj.), *Case study method* (bls. 119-164). London: Sage Publications.
- Glaser, B. G. (2005). *The grounded theory perspective III: Theoretical coding*. Mill Valley, CA: Sociology Press.
- Glaser, B. G. (2006). *Doing formal grounded theory: A proposal*. Mill Valley, CA: Sociology Press.
- Glaser, B. G. (2007). Doing formal theory. Í A. Bryant og K. Chalmaz (ritstj.), *The Sage handbook of grounded theory* (bls. 97-113). London: Sage.
- Glaser, B. og Strauss, A. (1967). *The discovery of grounded theory: Strategies for qualitative research*. Chicago: Aldine.
- Goulding, C. (2002). *Grounded theory: A practical guide for management, business and market researchers*. London: Sage.
- Green, D. O., Creswell, J. W., Shope, R. J. og Clark, V. P. (2007). Grounded theory and racial/ethnic diversity. Í A. Bryant og K. Chalmaz (ritstj.), *The Sage handbook of grounded theory* (bls. 472-492). London: Sage.
- Gretar L. Marinósson (2011). *Responding to diversity at school: An ethnographic study*. Saarbrücken: Lambert Academic Publishing.
- Heacock, E. og Hollander, J. (2011). A grounded theory approach to development suitability analysis. *Landscape and Urban Planning*, 100, 109-116.
- Heath, H. og Cowley, S. (2004). Developing a grounded theory approach: A comparison of Glaser and Strauss. *International Journal of Nursing Studies*, 41, 141-150.
- Holt, N. og Tamminen, K. (2010). Moving forward with grounded theory in sport and exercise psychology. *Psychology of Sport and Exercise*, 11, 419-422.
- Hood, J. C. (2007). Orthodoxy vs. power: The defining traits of grounded theory. Í A. Bryant og K. Chalmaz (ritstj.), *The Sage handbook of grounded theory* (bls. 151-164). London: Sage.
- Joo, J. (2011). Adoption of semantic web from the perspective of technology innovation: A grounded theory approach. *International Journal of Human-Computer Studies*, 69, 139-154.
- Lempert, L. B. (2007). Asking questions of the data: Memo writing in the grounded theory tradition. Í A. Bryant og K. Chalmaz (ritstj.), *The Sage handbook of grounded theory* (bls. 245-264). London: Sage.
- Locke, K. (2007). Rational control and irrational free-play: Dual-thinking modes as necessary tension in grounded theorizing. Í A. Bryant og K. Chalmaz (ritstj.), *The Sage handbook of grounded theory* (bls. 565-579). London: Sage.
- Kempster, S. og Parry, K. W. (2011). Grounded theory and leadership research: A critical realist perspective. *The Leadership Quarterly*, 22, 106-120.

- McLeod, J. (2001). *Qualitative research in counselling and psychotherapy*. London: Sage.
- Morse, J. M. (2009). Tussles, tensions, and resolutions. Í J. M. Morse (ritstj.), *Developing grounded theory: The second generation*. Walnut Creek, CA: Left Coast Press.
- Ottarsdóttir, U. (2005). *Art therapy in education: For children with specific learning difficulties who have experienced stress and/or trauma*. Óutgefin doktorsritgerð, University of Hertfordshire, Hatfield.
- Ottarsdóttir, U. (2009). Art therapy in education for children with specific learning difficulties who have experienced stress and/or trauma. Í V. Karkou (ritstj.), *Arts therapies in schools: Research and practice* (bls. 145-160). London: Jessica Kingsley Publishers.
- Ottarsdóttir, U. (2010). Writing-image. *ARTerapy; Journal of the American Art Therapy Association*, 27(1) 32-39.
- Rennie, D. (2000). Aspects of the client's conscious control of the psychotherapeutic process. *Journal of Psychotherapy Integration*, 10(2), 151-167.
- Rennie, D., Phillips, J. og Quartaro, G. (1988). Grounded theory: A promising approach to conceptualization in psychology? *Canadian Psychology*, 29(2), 139-150.
- Rúnar H. Andrasón og Ársæll M. Arnarsson (2013). Tilfellarlárnssóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 497-509). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman, D. (2001). *Interpreting qualitative data: Methods of analysing talk, text and interaction* (2. útg.). London: Sage.
- Stern, P. N. (2009). In the beginning Glaser and Strauss created grounded theory. Í J. M. Morse, P. N. Stern og J. M. Corbin (ritstj.), *Developing grounded theory: The second generation* (bls. 23-29). Walnut Creek, CA: Left Coast Press.
- Strauss, A. (1987). *Qualitative analysis for social scientists*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Strauss, A. L. og Corbin, J. (1998). *Basics of qualitative research: Techniques and procedures of developing grounded theory*. Thousand Oaks, CA: Sage.
- Temple, M. (2003). *The fate, destiny and disposal of the creative art object beyond the conclusion of the therapeutic contact*. Óutgefin MA-ritgerð, Queen Margaret University College, Edinburgh.
- Urquhart, C. (2013). *Grounded theory for qualitative research: A practical guide*. London: Sage.
- Wiener, C. (2007). Making teams work in conducting grounded theory. Í A. Bryant og K. Chalmaz (ritstj.), *The Sage handbook of grounded theory* (bls. 293-310). London: Sage.
- Wilson, H. og Hutchinson, S. (1996). Methodologic mistakes in grounded theory. *Nursing Research*, 45(2), 122-124.
- Wilson, H. og Hutchinson, S. (1996). Methodologic mistakes in grounded theory. *Nursing Research*, 45(2), 122-124.
- Wood, M. (2001). Making the connection, exploring art therapy with people who have aids dementia. Í L. Kossolapow, S. Scoble og D. Waller (ritstj.), *Arts-therapies-communication: On the way to a communicative european arts therapy* (bls. 101-107). London: Transaction Publishers.
- Wood, M. (2002). Researching art therapy with people suffering from AIDS related dementia. *The Arts in Psychotherapy*, 29(4), 207-219.
- Yin, R. K. (2003). *Case study research: Design and methods* (3. útg.). London: Sage.